

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 08.05.2023	Kl. 13:15	Staður: Gullhamrar
Fundaboðari: KEA	Fundarritari: EHJS	Teams

Dagskrá:

1. *Staðan í kjaraviðræðunum – Þórarinn Eyfjörð*
2. *Spillingin og við - Atli Thor Fanndal, Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Transparency International*
Kaffihlé
3. *Kosning trúnaðarmanna – Kristín Erna Arnardóttir, Sérfræðingur í félagsdeild*
4. *Orlofsmálin - Harpa Björk Hilmarsdóttir, Verkefnastjóri orlofsmála*
5. *Önnur mál*

Þórarinn setti fundinn. Hann bauð alla velkomna bæði raunheimum og netheimum. Enn fremur bauð hann gesti fundarins velkomna.

1. Staðan í kjaraviðræðunum:

Kjarasamningar hafa heilt yfir gengið allvel, nema við Samband sveitafélaga. Nokkrir aðilar eru með lausa samninga í haust og við bíðum með það.

Staðan er þannig í samningunum við sveitafélögin að það er allt í frosti. Mætum algeru viljaleysi hjá sveitafélögnum til að greiða úr því sem okkur finnst vera auðvelt mál.

Í síðustu kjarasamningum átti sér stað eitthvert samtal um gildistíma kjarasamnings bæjarstarfsmannafélags megin. Þessu samtali virðist hafa fylgt óútfyllt launatafla sem tók gildi 01.01.2023. Þau félög sem sömdu um lengri gildistíma kjarasamnings fengu um 10% launahækkun 1. jan. sl. og fá svo aftur hækkun í okt. nk. Okkar fólk, sem er með styttri samning fær ekki sömu launahækkanir, en okkar samningar runnu út 31.03.2023. Okkar hópur situr því eftir í 3 mánuði á lægri launum en þeir samstarfsaðilar sem vinna sömu störf á sama vinnustað og eru í öðru stéttarfélag. Þetta er mismunum sem er ólögleg og veldur mikilli ólgu meðal okkar hóps..

Þetta leiðir það af sér að við erum á leiðinni í verkfall. Það var samþykkt með dæmalausri þátttöku og fordómalausum samþykki => 87-100% samþykki greiddra atkvæða. Kosningaþátttaka var 72-90%.

Það heyrir ekkert frá sambandinu sem er alveg ótrúlegt framkoma. Við erum farin af stað með átak til að vekja athygli á umræðunni. Bæjarstjórnirnar þegja þunnu hljóði og vísa öllu beint til samninganefndanna sem sitja sem fastast við sama heygardshornið. Þurfum jafnvel að fara að taka ákvarðanir um harðari aðgerðir.

Við söndum með okkar félögum og þurfum að standa þétt við hliðina á þeim þrátt fyrir að það sé ekki stór hópur frá okkur sem er að fara í verkföll.

2. Spillingin og við, ógn við réttindi, líf skjör og lýðræði:

Stéttarfélög á Íslandi eru sterk. Atli vísar í grein sem hann skrifaði í síðasta tölublað Sameykis og þakkar fyrir það traust.

- Transparency International (TI) eru alþjóðleg samtök sem vinna gegn spillingu um allan heim. Deildirnar vinna sjálfstætt og ólíkt eftir löndum. Íslandsdeildin vinnur sjálfstætt.
- Hugtakið spilling
 - Hvað er spilling? Er spilling á Íslandi.
 - TI skilgreinir spillingu sem misbeitingu valds í þágu einkahagsmuna.
 - Spilling er eyðandi afl sem virðir engin landamæri og er mjög mikil samfélagsleg meinsemd hvarvetna í heiminum. Ísland er engin undantekning frá því.
 - Reglulega koma upp mál í íslensku samfélagi sem sýna það og sanna svo að ekki verður um villst að það ríkir spilling á Íslandi.
- Hvers vegna er spilling mjög skaðleg?
 - Spilling skaðar og skerðir réttindi og hagsmuni almennings og grefur undan lýðræði, mannréttindum og réttarríkinu.
- Alþjóðlega samtök gegn spillingu – Íslandsdeild TI
 - Stofnuð 1992 og vinna að heilindum í stjórnsýslu og viðskiptalífi. Eru óháð stjórnvöldum og eiga ekki að skila hagnaði. Samtökin starfa í yfir 100 löndum og berjast gegn spillingu og óréttlæti.
 - Samherjamálið er dæmigert spillingarmál sem teygir anga sína vítt og breytt um heiminn. Málið svo stórt að það er mjög ólíklegt að íslensk stjórnvöld geti stoppað þetta.
- Hvað þarf og er hægt að gera til að vinna gegn spillingu?
 - Gagnsæi, ábyrgð valdhafa, tjáningarfrelsi, frjálsir fjölmiðlar, sjálfstæðir dómstólar, lögregla, ákærvald og fleiri eftirlitsstofnanir
- Fjölpjóðlegar skuldbindingar:
 - Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu
 - GRECO: Samtök ríkja gegn spillingu á vegum Evrópuráðsins
 - Samningur Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD gegn mútubrotum í viðskiptum.
 - Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
- Uppljóstrarar - Vernd – Ný lög
 - Lög nr. 40/2020, um vernd uppljóstrara (tóku gildi 1. janúar 2021) Stórt skref fyrir okkar samtök að fá þessi lög.
- Leggjum mikla áherslu á að eiga góð samskipti við stéttarfélagin.
 - Þjónum almennungi. Við klárum ekki spillingarverkefni og erum svo hætt. Spilling klárast aldrei.
 - Hvað kostar spilling samfélagið?
 - Fjárhæðirnar eru óhemju miklar fyrir utan skaðann sem þetta veldur í samfélaginu.

Umræður og spurningar

Kaffihlé

3. Kosning trúnaðarmanna 31.05.2023 – 31.05.2025:

Kristín vísaði í lög Sameykis um trúnaðarmenn – 9. kafli 24. grein. Það er því komið að því að kjósa trúnaðarmenn í ár. Kjörgögn og reglur eru aðgengilegar á vef Sameykis undir kosning trúnaðarmanna og verða svo sendi trúnaðarmönnum í tölvupósti á morgun.

Á stærri stöðum er kosið um fleiri en einn trúnaðarmenn. Það má kjósa trúnaðarmenn fyrir hverja deild eða einingu innan viðkomandi stofnunar svo framarlega sem viðkomandi eining innihaldi 5 starfsmenn eða fleiri. Þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri má kjósa fleiri en einn trúnaðarmann.

Þann 31.05.nk. detta allir trúnaðarmenn Sameykis út af skrá. Það þarf því að endurnýja umboðið og mikilvægt að kynna sér framkvæmdina.

Afar mikilvægt að tilkynning um nýjan trúnaðarmann berist til Sameykis og að Sameyki sendi tilkynningu um kosningu trúnaðarmanns til atvinnurekenda til að tryggja réttindi trúnaðarmanna, sbr. mál hleðslumanns hjá Isavia sem taldi sig vera trúnaðarmann en var það ekki því ekki hafði verið send tilkynning til Isavia um endurkjör viðkomandi trúnaðarmanns.

Umræður og spurningar.

4. Orlofsmálin:

Harpa fór aðeins yfir nýjustu vendingar í orlofsmálum Sameykis.

- Nýtt hús á Tenerife, kemur í útleigu síðar í sumar. Er verið að vinna í endurbótum.
- Eigum 2 íbúðir á Alicante á Spáni, önnur verður áfram í eigu Sameykis en hin verður sett í sölu í október nk.
- Enduruppbygging tveggja gæludýrahúsa í Húsafelli og svo er verið að endurbæta Hólasetur, sem er líka gæludýrahús.
- Úlfljótsvatn => uppbygging í gangi á svæðinu á 11 nýjum húsum.
- Nýjar staðsetningar í sumar:
 - Hrísey
 - Suðureyri
 - Hellissandur
 - Einarsstaðir.

Umræður

5. Önnur mál

Þórarinn kynnti til sögunnar nýjan starfsmann kjarasviðs: Ingólf Björgvin Jónsson.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:06